

## Stefnir á Ólympíuleikana í Los Angeles 2028

Selfyssingurinn Hákon Þór Svavarsson fór nýlega á Ólympíuleikana í París þar sem hann tók þátt í haglabyssu-skotfimi og endaði í 23. sæti af 30 keppendum. Þetta er besti árangur Íslendinga í greininni til þessa. Í tilefni af frammistöðunni var haldin athöfn á Brúartorgi á Selfossi þar sem Bragi Bjarnason bæjarstjóri Árborgar færði Hákonni blómvönd og óskaði honum til hamingju með árangurinn. Fjöldi fólks mætti til að fagna með honum og veðurbliðan skapaði einstaka stemmingu.

### Einstök upplifun að keppa á Ólympíuleikunum

Í viðtali við Hákon lýsir hann keppninni sem einstakri upplifun, langt frá því sem hann hefur áður kynnst. „Þetta var bara mjög spennandi og skemmtilegt. Þetta er náttúrulega öðruvísi en öll önnur mót, miklu meiri læti og miklu fleiri áhorfendur,“ sagði Hákon. Hann fann fyrir mikilli orku á meðal áhorfenda, sem gaf honum aukið drif til að standa sig vel.

Þegar hann er spurður um upplifunina í Ólympíuþorpinu segir Hákon að skotmennirnir



Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar, ásamt Hákonni Þór Svavarssyni. Mynd: Dagskráin/EHJ

hafi verið í minni hluta þorpsins, sem passaði honum vel sem sveitamanni.

### Mikilvægt að hafa gott bakland

Undirbúningurinn fyrir keppnina var krefjandi og krafðist mikillar einbeitingar og stuðnings frá

fólkinu í kringum hann. „Ég er mjög heppinn með vini og fjölskyldu og það skiptir gríðarlegu máli og það er stór hluti af andlega undirbúningnum í þessu,“ segir Hákon og undirstrikar mikilvægi þess að hafa gott bakland. Eftirminnilegasta augna-

blikið í keppninni var þegar hann lauk síðustu umferðinni með fullu húsi. „Það var frábært og að hlusta á lætin í áhorfendum, það var mjög skemmtilegt,“ lýsir hann.

Hákon fékk mikinn stuðning frá Íslendingum á leikunum.

„Það voru átta sem komu og fylgdu með mér. Það er örugglega heimsmet miðað við höfðatölu,“ segir hann glettinn. Auk þeirra var á svæðinu fólk frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra.

### Vill að fólk horfi öðrum augum á íþróttina

Aðspurður um framtíðaráform og hvaða áhrif árangurinn gæti haft á skotfimi á Íslandi, vonast Hákon til að fleiri fái áhuga á íþróttinni. „Vonandi að fólk komi meira í þetta og horfi aðeins öðrum augum á þetta. Við eigum aðeins undir högg að sækja. Við erum með byssur, það á að vera eitthvað hættulegt en það er það bara ekki. Bara eins og allar íþróttir, ef fólk gerir þetta almennilega þá er þetta ekkert vesen,“ útskýrir hann.

Hvað framtíðina varðar, hefur Hákon augun á næstu Ólympíuleikum. „Afreksstjóri ÍSí fór aðeins illa með mig, hann ræddi við fjölskylduna strax eftir keppnina og fékk leyfi hjá þeim. Ég ætí að stefna á Los Angeles 2028,“ segir Hákon að lokum og hlær. *EHJ*

## Kjötsúpuhátíð um helgina á Hvolsvelli

Dagana 29. ágúst til 1. september fer fram bæjarhátíðin Kjötsúpuhátíð í Rangárfingi eystra.

Hátíðin er stúfyll af spennandi viðburðum fyrir alla fjölskylduna. Á meðal þess sem er á dagskrá má nefna kjötsúpusmakk, silent disco, uppistandstónleika, tívolí, flóamarkað og hoppukastala. Fjölskylduskemmtun verður á laugar-



degnum þar sem Anna Fanney Idolstjarna kemur fram ásamt Prettyboytjokko, Sirkus Íslands, Íþróttálfnum og Sollu stírðu. Um kvöldið verður flugeldasýning og ball með Stuðlabandinu. Hátíðinni lýkur á sunnudeginum með menningargöngu og ljósabolta fyrir krakka. Aðgangur er ókeypis og allar upplýsingar má finna á Facebook síðu hátíðarinnar.



8

Fundu ættingja á Íslendingadegi í Kanada

## Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4  
ÆVINTÝRIN  
BÍÐA ÞÍN

Toyota  
Selfossi



Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
480 8000





# Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**  
**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

Tómas 820 3880 - [keysrla@keysrla.is](mailto:keysrla@keysrla.is) - [www.keysrla.is](http://www.keysrla.is) - [/keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna frá falls okkar ástkæra föður, bróður og máts.

**Óðins Sigurðssonar**  
Selfossi

Vinátta ykkar er okkur mikill styrkur

Linda Björk Óðinsdóttir  
 Kristján Freyr Óðinsson  
 Sesselja Sif Óðinsdóttir  
 Guðmundur, Ingvi Rafn og Laufey, Sesselja og Örn Sigurður Þór og Kristín.



## Björgunarsveitir á Suðurlandi sækja fjölda veikra ferðamanna

Björgunarsveitir á Suðurlandi eru þessa stundina að flytja fjölda ferðamanna sem hafa veikst undanfarninn sólarhring, flestir í Emstruskála. Rétt fyrir miðnætti í gær voru björgunarsveitir kallaðar út vegna hóps skólabarna í skálann í Emstrubotnum. Þar voru að minnsta kosti 15 börn orðin veik af tæplega 50 manna hóp. Komið var með skólakrakkana niður á Hvolsvöll um sjöleytið í morgun.

Björgunarsveitir voru varla komnar í hús þegar beiðni kom um að sækja fleiri inn í Emstrur sem voru orðnir veikir. Einnig bárust tilkynningar um veikindi í Básum.

Björgunarsveitirnar Dagrenning á Hvolsvelli, Flugbjörgunarsveitin á Hellu og Bróðurhöndin undir Eyjafjöllum fóru því af stað aftur. Í morgun

var einnig tilkynnt um göngumann í Baldvinskála á Fimmvörðuhálsi sem hafði snúið sig á ökkla og treysti sér ekki til að halda áfram göngu. Björgunarsveitin Víkverji í Vík í Mýrdal fór í það verkefni.

Brottflytingur veikra ferðamanna er unninn í samráði við Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Sóttvarnalækni, sem meðal annars er að flytja aukinn sóttvarnabúnað austur á Hvolsvöll. Sóttvarnabúnaður er í tækjum björgunarsveita sem eru í verkefninu en ljóst er að fljótt gengur á hann þegar svo margir hafa sýkt.

Aðgerðir snúa einnig að því að ná til ferðamanna sem lögðu af stað fótgangandi frá Emstrum niður í Þórsmörk í morgun, því erfitt getur reynst að sækja fólk á þá gönguleið.



# Bókasafn Árborgar fær góða gjöf

Björn Ingi Bjarnason, forseti Hrutavinafélagsins Örvars, var góður gestur á fundi öldungaráðsins á Selfossi þann 21. ágúst sl. Hann færði Heiðrúnu Dóru Eyvindardóttur, forstöðumanni Bókasafns Árborgar góða gjöf. Þetta voru tíu myndabækur af Séð og Jarmað frá árinu 2011. Allt myndir úr sögu og starfi Hrutavinafélagsins.

Hrutavinafélagið Örvar var stofnað fyrir 25 árum á hrútasýningu að Tóftum í Stokkseyrarhreppi hinum forna hjá Bjarkari Snorrasyni bónda. Margt hefur drifið á daga félagsins og Björn Ingi er góður myndasmiður og þessi myndrit Séð og Jarmað geyma stórmerka myndasögu ekki síst úr starfi félagsins og öðrum samkomum á Stokkseyri og Eyrarbakka. Þar eru myndir frá þorralótum, búnaðarfélagsfundum og sýna þær frá lifandi samfélagi og gleðistundum.

Björn Ingi er ættaður frá Flateyri og hefur með mörgum haldið utan um æskulóðir og staðið fyrir hátíðum þar vestra svo sem Grænlandsdögum.

Nú býr Björn Ingi á Eyrarbakka og flaggar danska fánanum á sunnudögum í minningu hins forna verslunarstaðar Sunnlendinga. Á Eyrarbakka stóð Vestur-búðin (Lefolíuverslunin) sem margir sakna og yrði mögnuð endurreist á ný í hinu sögufræga þorpi. Danskir kaupmenn hófu byggingu verslunarhúsa á Eyrarbakka árið 1755.

Húsið og Assistentahúsið standa enn og minna á hinn gamla tíma, þar bjuggu verslunarstjórnir. Húsið var reist 1765 og er því elsta hús í Árnessýslu.

Myndirnar skipta þúsundum í þessum tíu myndabókum Séð og Jarmað og þar eru góðar heimildir í myndum um einstaklinga og atburði í sveitarfélaginu okkar.

“Sannarlega lifandi bækur sem margir vilja örugglega skoða og eru allir velkomnir í Bókasafnið í Ráðhúsi Árborgar í kaffisopa og að fletta myndabókunum,” segir Heiðrún Dóra.

Guðni Ágústsson  
 Heiðursforseti  
 Hrutavinafélagsins Örvars



# Opið hús Félags eldri borgara í Hveragerði heppnaðist vel

Á Blómstrandi dögum í Hveragerði var mikið um að vera dagana 15. – 18. ágúst sl. Laugardaginn 17. ágúst var Félag eldri borgara í Hveragerði (FEB) með opið hús í Þorláksetri við Breiðumörk frá kl.

13.00 – 17.00. Kynnti félagið þar starf sitt, bæði hópastarf og námskeið sem boðið er upp á. Aðsókn var mjög góð. Boðið var upp á kaffi og konfekt fyrir gesti.

Félagsmenn eru um 400.

Hvergerðingar sem eru orðnir 60 ára og eldri geta nýtt sér hið fjölbreytta starf sem félagið býður upp á. Upplýsingar um starf félagsins er að finna á heimsíðu félagsins <http://www.hvera.net>.





UMSJÓN:  
SÆBJÖRG ERLA GUNNARSDÓTTIR  
OG ÍRIS DRÖFN RAFNSDÓTTIR

## NÝNEMAVIKA MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI HEPPNAÐIST VEL

### KÆRU SUNNLENDINGAR!

Eftir gott og hressandi sumarfrí hefur nýtt skólaári við Menntaskólann að Laugarvatni loksins hafist. En með nýju skólaári fylgir alltaf nýr hópur nýnema. Að þessu sinni voru það 56 nemar sem fengu innkomu í skólann. Stjórn Mímis, nemendafélag menntaskólans tók hressilega á móti nýnemunum þann 19. Ágúst sl. þar sem fóru fram ýmsir skemmtilegir viðburðir og leikir sem gerði nýnemunum kleift að fá að kynnast hvoru öðru. Eldri nemendur mættu svo daginn eftir og komu sér fyrir á heimavistunum. Í kjölfar þess hófst hefðbundin skólaganga við Menntaskólann að Laugarvatni á ný. En fjörið var svo sannarlega ekki á enda. Föstudaginn sl. var kennslu lokið um hádegi og komu nemendur saman fyrir skírni nýnema af gömlum síð. Þá fylgja eldri nemendur nýnemum að Laugarvatni og fer fram sértæk athöfn í vatninu þar sem nýnemum er heiðrað og gerðir partur af okkar litla samfélagi sem ML-ingar. Enginn æðri og enginn óæðri, bara ML-ingar. Að lokum var auðvitað haldið uppi stemmningunni með lauffléttu balli sem var haldið í Úthlíð. Þar sem allir skemmtu sér konunglega og fögnuðu nemendur nýju skólaári. Og að því sögðu var nýnemavikunni við Menntaskólann á Laugarvatni 2024 á enda.

Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir,  
ritnefndarformaður, Stjórn Mímis



MENNTASJÓÐUR  
NÁMSMANNA

## Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á haustönn 2024 er til 15.  
október n.k.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms og greiða leigu).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla).

Opnað er fyrir umsóknir 1. september 2024.

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkin með rafrænum skilríkjum á "Mitt Lán" sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar [www.menntasjodur.is](http://www.menntasjodur.is). Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkin á vef Menntasjóðsins.

Menntasjóður námsmanna  
Námsstyrkjanefnd

## Eyravegur 42 Selfossi.

EIK



## Verslunarpláss til leigu.

Fljótlega verða tilbúin til leigu tvö verslunar- og þjónusturými í nýjum verslunarkjarna að Eyravegi 42 á Selfossi. Rýmin eru 157 og 161 fermetrar að grunnfleti og munu deila sameiginlegu anddyri með nýjum verslunum Nettó og Lyfjaval.

Fjöldi bílastæða er við húsið, aðgengi gott, rafhleðslustöðvar og hjólastæði til staðar. Möguleiki er á að aðlaga rýmin að óskum leigutaka.

### ➤ Allar nánari upplýsingar veita:

Aron Hugi Helgason  
Lögfræðingur útleigusviðs  
aron@eik.is | 788-9808

Guðrún Álfheiður Thorarensen  
Verkefnastjóri viðskiptaþróunar  
gudrun@eik.is | 867-0008

# Að búa í sveit

Búseta í dreifbýli hefur sína kosti og galla, nálægðin við náttúruna er stórt aðdráttarafl en á sama tíma getur verið aðeins lengra í ákveðna þjónustu. Hvert sveitarfélag gegnir ákveðnum skyldum gagnvart íbúum þess. Skipuleggja þarf alla þjónustu fyrir íbúa eins og heimahjúkrun, skólalald, sorphirðu, snjómokstur, verslun og þjónustu, félagsþjónustu, gatnagerð, skólaakstur, rekstur grunn- og leikskóla svo fátt eitt sé nefnt.

Í því skyni að allt gangi vel fyrir sig er nauðsynlegt að skipuleggja byggð vel. Hvar býr fólk? Hvar er iðnaður? Hvar þarf að huga að vatnsvernd? Hvernig skal samgöngum háttáð? Til að halda utan um alla slíka þætti og ótal fleiri og í samræmi við skipulagslög er því hvert svæði innan sveitarfélags skilgreint. Aðeins þannig getur hvert sveitarfélag skipulagt þjónustuna sem því ber að veita sínum íbúum til dæmis snjómokstur, skólalald, sorphirðu og félagsþjónustu.

Segja má að grundvallarmálaflokkur fyrir þróun byggðar, búsetufrelsi og samfélag séu því skipulagsmál hvers sveitarfélags og er það í gegnum skipulagsáætlanir þ.m.t. aðalskipulagið sem vinnan á sér stað. Í aðalskipulagi hafa sveitarstjórnir ákveðna landnotkunarflokka sem þær vinna með til ákvörðunar m.a. um búsetufyrirkomulag og stýra

þannig íbúa- og byggðarþróun með sínum skipulagsáætlunum og meta út frá því hvers konar uppbygging þarf að eiga sér stað í sveitarfélaginu. Samhliða aðalskipulaginu eru unnar ýmsar áætlanir sem sveitarstjórnir og starfsmenn sveitarfélaga nýta við að gera áætlanir um þjónustu- og innviðaupbyggingu í samfélaginu. Til að þjónusta íbúana þurfa svo sveitarfélögin tekjur.

Hvert sveitarfélag hefur lögum samkvæmt þrjá tekjustofna: fasteignaskatt, útsvar og framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

-Fasteignaskattur er skattur sem allir fasteignaeigendur greiða og lagður er á fasteignir í samræmi við lög. -Útsvar er ákveðin % af tekjum skattskyldra einstaklinga. -Jöfnunarsjóður sveitarfélaga stuðlar að fjárhagslegu jafnvægi milli sveitarfélaga og tryggir að þau geti veitt íbúum sínum sambærilega þjónustu óháð stærð og fjárhagsstöðu.

Grímsnes- og Grafningshreppur er eitt fárra sveitarfélaga á Íslandi sem fjármagnar lögbundna grunnþjónustu með tveimur tekjustofnum, fasteignaskatti og útsvari þar sem framlögin úr jöfnunarsjóði til sveitarfélagsins eru skert um 100%. Þau eru skert m.a. vegna þess fjölda frístundahúsa sem hafa byggst upp í sveitarfélaginu þar sem tekjustofnar sveitarfélagsins eru metnir það

sterkir að ekki kemur til úthlutunar framlags frá jöfnunarsjóði.

Fasteignaskatturinn í Grímsnes- og Grafningshreppi er meðal annars notaður til að greiða til Brunavarna Árnæs-sýslu og Almanna- og Grafningshreppi er einnig í sameiginleg verkefni sveitarfélaga á Suðurlandi s.s. söfn, Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita þar sem skipulags- og byggingarfulltrúar starfa. Jafnframt fer skatturinn í að halda úti skrifstofu sveitarfélagsins, sundlaug og íþróttamiðstöð. Útsvarið fer svo í rekstur leik- og grunnskóla og aðra þjónustu sem fylgir lögheimilisskráningum.

Eftir því sem okkur fjölga verður krafan um mismunandi búsetuform háværari. Nú hefur færst í vöxt að fólk vilji búa í frístundahúsum sínum. Það sækir ef til vill í það næði og þá ró sem fylgir frístundabyggð. Það sækir ef til vill í fallega náttúru sem umlykur slíka byggð. Í Grímsnes- og Grafningshreppi eru 3300 frístundahús og umhverfið er allt hið stórkostlegasta. Skiljanlega vill fólk búa á slíkum stað.

Hins vegar er það svo að sveitarfélög geta ekki breytt frístundasvæði í íbúðabyggð bara af því að einhver vill búa þar. Málið er flóknara en svo. Fjöldi fólks vill til dæmis eiga frístundahús á þessum svæðum og koma þangað í fríum. Mörg þessara svæða eru afgirt og aðgangsstýrð. Ef breyta á þessum

svæðum í íbúðabyggð þarf til dæmis að taka þessar aðgangsstýringar niður. Það þarf að tryggja öllum sem eiga húsnaði á svæðinu þá þjónustu sem íbúum ber. Að mörgu leyti er krafan skiljanleg en við þekkjum flest orðatiltækið „með lögum skal land byggja“ og í lögum um lögheimili segir að lögheimili skuli skráð í íbúð eða húsi sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands og hefur staðfang. Slík skráning og skipulagsáætlanir um landnotkun hjálpar kjörnum fulltrúum og starfsmönnum, eins og áður segir, að skipuleggja áætlanir um innviðaupbyggingu og aðra þjónustu sem þarf að veita í sveitarfélaginu. Eiga örfá sem vilja búa í frístundahúsum að hafa það mikið skipulagsvald í sveitarfélaginu að það eitt að þau vilji búa þar ráði skipulagi svæðisins? Hvað með hina frístundahúsaeygendurnar

sem vilja bara eiga frístundahús sem vilja bara eiga frístundahús? Er það stjórnsýsla sem almenningur sættir sig við?

Í Grímsnes- og Grafningshreppi er gott að búa og má finna fjölbreytta búsetukosti í íbúðarhúsnæði í þéttbýlinu Borg ásamt því að það eru til sölu lóðir og jarðir í dreifbýlinu.

Undirrituð hafa setið í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps frá kosningum 2022 og hafa allan tímann unnið af heilindum fyrir heildarhagsmunum alls sveitarfélagsins og samfélagsins.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps  
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti  
Björn Kristinn Pálmarsson  
Dagný Davíðsdóttir  
Ragnheiður Eggertsdóttir  
Smári Bergmann Kolbeinsson

## Arnar Þór setti HSK met í maraþoni og Ingvar alltaf með

Frábær aðsókn var í 40 ára afmælishlaup Reykjavíkurmaraþons sem haldið var sl. laugardag í björtu og fallegu veðri. Skráðir þátttakendur voru 14.646 sem eru rúmlega 3000 fleiri en á síðasta ári.

Fjölmarginir Sunnlendingar tóku þátt í hlaupinu. Þeirra á meðal var Skeiðamaðurinn Ingvar Garðarsson sem búsettur er á Selfossi. Hann hefur tekið þátt í þessum viðburði árlega í þau 40 ár sem hlaupið hefur verið haldið. Aðeins tveir hlauparar hafa alltaf tekið þátt í hlaupinu. Hinn er Jón Guðmundsson og hlupu þeir alla leiðina saman í tilefni þessara tímamóta.

Arnar Þór Ingólfsson úr Þór Þorlákshöfn setti nýtt HSK met í maraþoni í karlaflokki, en hann hljóp á 2:56:52 klst í Reykjavíkurmaraþoninu. Sigursveinn Sigurðsson Selfossi átti gamla metið, en hann hljóp á 2:59:14 klst í Kaupmannahöfn í vor.

Árangur Arnars er einnig



HSK met í flokki 30-34 ára, en metið í þeim flokki átti Grétar Snorrason og var 3:17:43 klst., sett árið 2013. Annað HSK met í eldri aldursflokkum var bætt á laugardaginn. Sigurður Júlíusson frá Selfossi bætti metið í hálfmaraþoni í flokki 40-44 ára. Hann kom í mark á 1:25:12 og bætti þar með 23 ára gamalt met Ingvars Garðarssonar um 59 sekúndur.



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:  
Páll Jónsson  
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Ljúf og hress í lund hún fer,  
launin smá í vasa þér,  
þessi gáta auðveld er,  
ekki byrðin þung á mér.

Svar við gátu í blaði 2766: KOLLA

1. lína: Hárkolla 2. lína: Æðarkolla

3. lína: Björkolla 4. Um s-kolla í Hálsaskóg



# Torfdagurinn haldinn hátíðlegur

Torfdagurinn verður haldinn hátíðlegur þann 31. ágúst næstkomandi.

Torfdagurinn er hugsaður sem árleg hátíð og samráðsvettvangur áhugafólks á öllum aldri um aldagamla íslenska hleðslutækni og byggingararf og jafnframt vettvangur til að kveikja áhuga og nýsköpun á þessu sviði – sem hefur óþrjótandi möguleika.

Hvergi í heiminum hefur torf, grjót og mold verið fyrirferðarmeira byggingarefni í mannvirkjum en á Íslandi, allt frá landnámi upp úr 850 og fram undir seinna stríð 1940. Ganga má að því vísu að sé eitthvað handverk og verklag stundað óslitið í jafn langan tíma náist hámarksárangur með tilliti til efnistilfinningar og möguleika í útfærslum; og smíði og aðlögun verkfæra að fyrirbyggjandi hráefni. Afar mikilvægt er að þetta handverk hafi vettvang til að þrífast og þróast inn í framtíðina.

Á Torfdeginum verður um að ræða margvíslega myndræna



framsetningu á torf- og grjótveggjum, greiningu á vistkerfi mýrarinnar með tilliti til fuglalífs og einkennandi gróðurs og jarðvegseiginleika. Einnig hönnun verkefna og „kubba“ sem hæfa yngsta aldurshópnum til að byggja veggi og kveikja innsæi í aldagamlan arf. Þá verður boðið upp á „torfsúkkulaði“ með kaffinu s.s. klömbruhnaus með matchatei þar sem grasið er.

Dagskrá Torfdagsins hefst kl. 14:00 31. ágúst í safnahúsi Íslenska bæjarins að Austur Meðalholtum. Á dagskrá verður torfista, torfstuga og veggjahleðsla,

sýning á torfhnausum og hefðbundnum verkfærum, umfjöllun um handbók um hleðslutækni, fyrirlestur um stærsta vegg á Íslandi, kynning á fuglalífi og gróðurfari mýrarinnar og lyktilplöntur í torfstungumýrum kynntar til leiks, eldsmíði þar sem torfljár verður smíðaður, langspilsleikur, teikning og leirmótun. Á borðum verður kaffi og grasate, kleinur, súkkulaðifuglar og frumsmökkun á torfsúkkulaði.

Einstakir liðir dagskárinnar verða auglýstir sérstaklega þegar nær dregur á FB- og Instagram-síðum Íslenska bæjarins.

# Frístundamessa Árborgar haldin um helgina

Laugardaginn 31. ágúst kl. 10-12 verður frístundamessa Árborgar haldin í Lindexhöllinni á Selfossi. Frístundamessan er tækifæri fyrir börn og foreldra þeirra að kynna sér íþróttir og tómstundir í sveitarfélaginu. Sú nýbreytni verður í ár að það verður líka kynning fyrir fullorðna einstaklinga á hinum ýmsu frístunda- og félagasamtökum þar sem hægt er að skoða hvað er um að vera í samfélaginu fyrir fullorðna einstaklinga.

Fyrir þau sem hafa dreymt um að syngja í kór, prófa nýja

hreyfingu og kynnast nýju fólki er upplagt tækifæri að kíkja við á laugardaginn í Lindexhöllina. Einstaklingar sem eru nýlega

fluttir í sveitarfélagið eru sérstaklega hvattir til þess að láta þetta tækifæri ekki fram hjá sér fara.



# Sjálfsinnun, lykill lífsgæða í haust og vetur

Sífelld fleiri kjósa að nýta sér þjónustu, handleiðslu, ráðgjöf og meðferð sálfræðinga við ýmsum lífsins vanda. Kristín Linda, sálfræðingur hjá Huglind sálfræðistofu hefur nú opnað sína stofu fyrir Sunnlendinga í Fjölheimum á Selfossi. Þar tekur hún á móti fullorðnu fólki sem kys að snúa sér til sálfræðings til að bæta líf sitt og líðan og fá hjálp við aðstoðjandi vanda.

„Hér áður þá fór fólk ekki til sálfræðings nema um einhverskonar heilsuþörf væri að ræða eða mikil áfall en það er gjörbreytt í dag. Fólk kys almennt að nýt sér faglega hjálp í gegnum allskonar erfiðleikátímabil sem koma í lífinu hjá okkur öllum og ná þannig að vinna sig sem best í gegnum vandann og blómstra sem fyrst á ný,“ segir Kristín Linda.

„Ég hef starfað sjálfstætt sem sálfræðingur í meira en áratug og upplifi að skynsömu fólki finnst nú sjálfsagt að panta sér tíma hjá

sálfræðingi til dæmis þegar það er að ganga í gegnum breytingar. Það getur átt við varðandi, sambúð eða hjónaband, breytt fjölskyldumunstur á einhvern hátt, breytingar í vinnu, á eigin heilsu eða í einkalífi, missi og sorg. Þá skiptir miklu að fá faglega ráðgjöf og meðferð við þeim vanda sem uppi er. Fólk velur líka að hitta sálfræðing reglulega til að fá handleiðslu gegnum erfiða lífsviðburði eða í krefjandi stöðu eða vinnu. Allt er þetta af hinu góða enda mikilvægt að fólk sinni sjálfum sér, andlega, líkamlega og félagslega og viðhaldi þannig sem bestri heilsu, líðan og lífsgæðum. Við virkum einfaldlega betur, fyrir fólkið okkar, í vinnunni og samfélaginu öllu ef okkur líður að jafnaði vel, þó auðvitað sé lífið alltaf upp og niður hjá öllum. Þeir sem glíma við sálrænan heilsuvanda, svo sem kvíða, depurð, áföll eða þunglyndi ættu líka hiklaust að forgangsraða faglegri aðstoð

sálfræðinga. Rétt eins og þeir sem fást við bakvandamál setja í forgang að sækja sjúkrahjálfun eða nudd. Mitt leiðarljós í starfi er líðan og lífsgæði þess sem hjá mér situr hverju sinni, að mæta viðkomandi strax varðandi þann vanda sem stendur yfir og finna hjargráð og lausnir til að bæta líðan, lífið er svo dýrmætt.

Mér finnst mikilvægt núna þegar haustið og veturinn nálgast eftir frekar grátt sumar að hvetja fólk til sjálfsinnunar. Það er ábyrg hegðun að sinna sjálfum sér á fjölbreyttan hátt og leita sér faglegar ráðgjafar eftir því sem við á hverju sinni. Lífið tikkar áfram dag hvern og því fleiri daga sem við sitjum í vanlíðan því minni lífsgæði. Sinnu sjálfum okkur á fjölbreyttan hátt á komandi hausti og vetri,“ segir Kristín Linda sálfræðingur hjá Huglind.

Kristín Linda, sálfræðingur

# Samningur við Fjölheima framlengdur

Framlengdur húsaleigusamningur Háskólafélags Suðurlands og Árborgar um leigu á Fjölheimum var undirritaður á dögum. Samningurinn er til tveggja ára og samhliða honum er unnið að framtíðarsýn fyrir

húsnæðið. Markmiðið er að Háskólafélagið fyrir hönd Fjölheimanna geti aukið við leigurými til framtíðar sem og að skoða möguleika þess að húsnæðið verði enn aðgengilegra fyrir almenning.



## Stuðningsfulltrúi á sérnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir eftir tveimur einstaklingum í stöðu stuðningsfulltrúa á sérnámsbraut í 50-60% starfshlutfall. Umsækjendur þurfa að hefja störf sem fyrst.

Skriflegar umsóknir ásamt greinargerð um menntun, fyrri störf/starfsreynslu berist Fjölbrautaskóla Suðurlands, Tryggvagötu 25, 800 Selfossi.

Leitað er eftir skipulögðum einstaklingi með mikla þjónustulund, þolinmæði og jákvæða framkomu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á að vinna með nemendum á sérnámsbraut. Öll kyn eru hvött til að sækja um.

Stuðningsfulltrúi starfar með nemendum á sérnámsbraut, aðstoðar þau við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfinu. Hann vinnur eftir áætlunum sem sviðstjóri og kennarar setja. Hann ýtir undir færni og sjálfstæði nemenda. Hann fylgir nemendum um skólann í frímínútum, matartímum og í vettvangsferðum á vegum skólans. Auk þess annast hann ýmis störf sem honum eru falin af sviðstjóra og falla undir starfsvið hans.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi FOSS og stofnanasamningi skólans.

**Umsóknarfrestur er til 9. september 2024.**

**Nánari upplýsingar** um starfið veita Jónína Ósk sviðsstjóri sérnámsbrautar, jonina@fsu.is og/eða Soffía Sveinsdóttir skólameistari, soffia@fsu.is eða í síma 480 8100 á skrifstofutíma.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans [www.fsu.is](http://www.fsu.is).

Skólameistari



## Selfoss semur við Atla Kristinsson

Handknattleiksdeild Umf. Selfoss hefur samið við Atla Kristinsson um að ganga inn í þjálfarateymi meistaraflokks karla fyrir komandi tímabil. Hann mun verða Carlos Martin Santos til halds og trausts með meistaraflokk karla sem og 3. flokk og U-lið.

Atla Kristinsson þarf vart að kynna fyrir sunnlensku handboltaáhugafólki. Hann er einn af tryggari handboltamönnum sem Selfoss hefur alið og lék á sínum ferli 221 leik fyrir meistaraflokk Selfoss og skoraði í þeim 885 mörk. Þá er Atli markahæsti leikmaður í sögu ÍF Mílan. Atli hefur verið viðloðinn starf deildarinnar með ýmsum hætti

um árabíl, setið í stjórn, þjálfað yngri flokka og komið að ýmsum viðburðum. „Það er ómetanlegt fyrir ungt lið Selfoss að fá þennan reynslubolta til að miðla sinni þekkingu,“ segir í tilkynningu frá Selfyssingum.

„Ég er spenntur fyrir þessu verkefni sem komið er í gang hér á Selfossi. Margir ungir efnilegir strákar í bland við leikmenn með smá reynslu. Ég mun reyna að gera mitt besta í að kenna þeim eitthvað af því sem ég kann og þá á ég við ekki bara að skjóta á markið. Mér líst vel á Carlos og hans hugmyndir og hef fulla trú á að hann geti leitt liðið þangað sem það á heima. Áfram Selfoss,“ segir Atli.



### Tíu ára afmæli

Menningarhátíðin Haustgildi og tíu ára afmæli Bókabæjanna austanfjalls fer fram á Stokkseyri 7. - 8. september með tónleikum, bókamarkaði og fjölda rithöfunda.



Sérstakur gestur verður skoski höfundurinn **Shaun Bythell** sem þekktastur er fyrir bækurnar *Dagbók bóksala* og *Játningar bóksala*.



Kynntu þér dagskrána á [haustgildi.is](http://haustgildi.is)

## Anton Breki framlengir við Selfoss

Anton Breki Hjaltason hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Umf. Selfoss um tvö ár.

Anton Breki er einn af uppöldu efnilegur strákunum okkar. Hann er hávaxin réttthent skyttu og var hluti af gríðarskemmtilegu U-liði Selfyssinga síðasta vetur ásamt því að fá sínar fyrstu mínútur með meistaraflokki. Þá var Anton valinn leikmaður ársins í 3. flokki í vetur, afreksmaður ársins í akademíunni ásamt því að útskrifaðist úr Handknattleikssakademíu Selfoss.

Það verður spennandi að fylgjast með Antoni taka næstu skref á sínum handboltaferli með ungu og spennandi Selfossliði í Grill 66 deildinni í vetur.



## Skarphéðinn Steinn framlengir við Selfoss

Skarphéðinn Steinn Sveinsson hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Umf. Selfoss um tvö ár.

Skarphéðinn er ungur og sprækur línumaður uppallinn á parketinu á Selfossi. Skarphéðinn var hluti af U-liði Selfoss sem vann 2. deildina síðastliðinn vetur.

„Það verður gaman að fá að fylgjast með Skarphéðni taka sín fyrstu skref með meistaraflokki í vetur,“ segir í tilkynningu frá Selfyssingum.



## Patrekur Þór semur við Selfoss

Patrekur Þór Guðmundsson Öfjörð hefur samið við handknattleiksdeild Umf. Selfoss til tveggja ára.

Patrekur er kvikur vinstri hornamaður uppallinn á Selfossi. Hann var hluti af skemmtikröftunum í U-liði Selfoss síðasta vetur og endaði sem markahæsti leikmaður liðsins með 97 mörk í 18 leikjum. Í vor útskrifaðist hann úr Handknattleikssakademíu Selfoss.

Það er gaman að fá að fylgja Patreki áfram upp tröppurnar og sjá hann, sem og liðið allt, takast á við Grill 66 deildina í vetur.



## Valdimar Örn framlengir við Umf. Selfoss

Valdimar Örn Ingvarsson hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Umf. Selfoss um tvö ár.

Valdimar Örn er tvítugur réttthentur og afar fjölhæfur leikmaður. Hann hefur leikið í báðum hornum, hægri og vinstri skyttu. Á síðasta tímabili kom hann inn í meistaraflokk til að leysa hlutverk á línunni. Þrátt fyrir ungan aldur þá á Valdimar yfir 60 leiki með U-liðum Selfoss síðustu ár.

Það verður gaman að sjá þennan kraftmikla leikmann mæta í stórt hlutverk með liði Selfoss í Grill 66 deildinni í vetur.



# Tónleikar í Hlöðunni á Kvoslæk

Lokaviðburður menningar- dagskrár sumarsins á Kvoslæk fer fram sunnudaginn 1. september kl. 15.00. Þar mun Rut Ingólfssdóttir fiðluleikari koma fram með 14 strengjaleikurum undir stjórn Hjartar Páls Eggertssonar. Á tónleikunum verður frumflutt verkið Cantus II, sem tónskáldið John A. Speight samdi sérstaklega fyrir Rut, ásamt Divertimento nr. 3 eftir W.A. Mozart. Rut starf- aði lengi með Sinfóníuhljóm- sveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur, þar sem hún kom

margoft fram sem einleikari. Hjörtur Páll hljómsveitarstjóri lauk nýverið mastersnámi við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Hann hefur komið fram sem sellóleikari á ýmsum kammertónlistar- hátíðum í Evrópu, leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins.

Miðasala verður við innganginn og kaffi verður í boði að loknum tónleikum.



## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

### Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi skipulagslýsingar og tillögur vegna breytinga á aðalskipulagsáætlunum:

#### 1. Stórholt 2 L236857; Landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu;

##### Aðalskipulagsbreyting - 2406093

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 7. ágúst 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til umsóknar um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna Stórholtis 2 L236857 í landi Úteyjar 1. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði. Skipulagssvæðið er um 3,48 ha.

#### 2. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps; Minni-Ólafsvellir; Aðalskipulagsbreyting - 2310031

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. ágúst 2024 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem nær yfir hluta Minni-Ólafsvalla L166482. Gert er ráð fyrir að hluta landbúnaðarsvæðis er breytt í íbúðarbyggð og verslunar- og þjónustusvæði. Heimilt er að vera með íbúðarhús og gestahús með gistingu fyrir allt að 70 gesti. Einnig er heimilt að vera með ýmiss konar afþreyingu, einkum tengda hestum. Fyrir er á Minni-Ólafsvöllum íbúðarhús, skemma og geymsluhúsnæði og verður áfram heimiluð föst búseta.

#### 3. Holtannafréttur L221893; Sigöldustöð; Efnistökusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2405114

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2024 að kynna tillögu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Með breytingunni felst að skilgreint verði nýtt efnistökusvæði við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar. Efni hefur verið tekið af svæðinu við framkvæmdir tengdar virkjunum og vatnsmiðlun, en náman er ekki á skipulagi. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Stærð efnistökusvæðis verður um 1 ha og heimilt verður að vinna allt að 49.000 m<sup>3</sup> af efni. Umsagnir bárust við kynningu skipulagslýsingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

#### 4. Útey 1 L167647; 2 skipulagsáætlanagerð; Deiliskipulag - 2405119

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2024 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar í landi Úteyjar 1. Fyrir eru í gildi tvær deiliskipulagsáætlanagerðir sem taka til svæðisins. Við gildistöku nýs skipulags er gert ráð fyrir að eldri tillögur falli úr gildi.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlanagerða og deiliskipulagsbreytinga:

#### 5. Vorsabær 1 lóð L192936; Fjórar smábýlalóðir; Deiliskipulag - 2406070

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. ágúst 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til landskika úr lendum Vorsabæjar 1 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Stærð skipulagssvæðisins er um 18 hektarar. Svæðið liggur vestan við bæjartorfu Vorsabæjar og afmarkast að norðanverðu af Fjallsvegi. Aðliggjandi eru skikar úr lendum Vorsabæjar 1 og 2. Á skikanum eru afmarkaðar fjórar smábýlalóðir þar sem heimilt verður að stofna lögbýli, byggja upp bæjartorfu og stunda hvern þann búskap sem heimilt er á landbúnaðarlandi samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins.

#### 6. Ás 3 II-3land L204644; Skilgreining lóðar; Deiliskipulag - 2405084

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lands Áss 3 II-3land L204644. Tillagan tekur til um 2,3 ha lands þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, bílskúrs og geymsluskúrs.

#### 7. Kálfholt L1.b L208177; Skipting lóðar í 6 búgarða; Deiliskipulag - 2309073

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags fyrir jörðina Kálfholt L1.b L208177 í Ásahreppi eftir kynningu. Gert er ráð fyrir að skipta upprunajörðinni upp í sex búgarða, 10 - 13 ha að stærð. Á hverjum búgarði verði heimild til að byggja íbúðar- og útihús.

#### 8. Vaðnesvegur 2 L169743; Vaðnesvegur 2A og 2B, skilgreining frístundalóða; Deiliskipulag - 2407023

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Vaðnesvegur 2. Í deiliskipulaginu felst að lóðinni verði skipt upp í tvær lóðir, 2A og 2B, sem verða 15.050 fm og 23.706 fm að stærð. Á lóð 2B er skráð sumarhús í dag ásamt geymslu. Auk frístundahúss er heimilt að byggja aukahús auk geymslu að 15 fm á lóðunum. Nýtingarhlutfall lóða skal ekki fara umfram 0,03.

#### 9. Miðdalskot L167643; Deiliskipulagsbreyting - 2405020

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 7. ágúst 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Miðdalskots í Bláskógabyggð. Í breytingunum felst að gert verði ráð fyrir að um byggingareit, sem í gildandi deiliskipulagi er merktur nr. 1, verði skilgreind 2.564 fm lóð, Miðdalskot 1. Stærð byggingareits er um 1.300 fm og byggingaheimild innan hans verða óbreyttar. Á reitnum/lóðinni hefur þegar verið reist íbúðarhús (164,4 m<sup>2</sup>) byggt 2003 og bílskúr (63,0 m<sup>2</sup>) byggður 2016. Ennfremur er gert ráð fyrir nýrri 16.076 fm lóð merkt nr. 7 þar sem gert er ráð fyrir að reist verði allt að fimm hús undir gístaðstöðu (ferðabjónustu) og starfsemi því tengt. Húsin mega vera allt að 100 fm hvert. Heildarflatarmál bygginga á lóðinni má ekki fara yfir 500 fm og gistirúm mega vera allt að 30. Mænishæð húsa á lóðinni, frá jörðu skal ekki vera meiri en 6 m frá botnplötu. Þakhalli má vera 0 - 45 gráður. Að auki eru gerðar lítilsháttar breytingar á vegakerfi svæðisins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](#) og á skipulagsgátt [Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/](#). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna [www.asahreppur.is/](#), [www.blaskogabyggd.is/](#), [www.gogg.is](#) og [www.skeidgnup.is](#).

Mál 1 - 4 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 29. ágúst 2024 með athugasemdafresti til og með 20. september 2024.

Mál 5 - 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 29. ágúst 2024 með athugasemdafresti til og með 11. október 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](#). Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt [Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/](#).

Vigfús Þór Hróbjartsson  
Skipulagsfulltrúi UTU

# Fundu ættingja á Íslendingadegi í Kanada

Um 50 þúsund manns komu saman í Gimli í Kanada fyrstu helgina í ágúst til þess að fagna árlegum Íslendingadegi. Einnig komu saman um 5000 manns í Mountain í Norður-Dakóta í sama tilgangi. Hátíðin er mikilvægur viðburður fyrir Íslendinga í Vesturheimi. Þeir hafa haldið tengslum við Ísland og minnst rótanna með þessum degi.

Á seinni hluta 19. aldar og byrjun þeirrar 20. fluttu um 20 prósent þjóðarinnar til Vesturheims í leit að betra lífi, aðallega til Bandaríkjanna og Kanada. Það voru um 15 þúsund manns. Þessar slóðir fengu nafnið Nýja Ísland.

Systkinin Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra og Valdimar Hafsteinson framkvæmdastjóri Kjöriss sóttu hátíðina og lýsa þau þeirri einstöku upplifun sem það var að fara á svona hátíð.

## Guðrún heiðursgestur hátíðarinnar

Þegar systkinin voru spurð hvað kom til að þau sóttu þessa hátíð í ár segir Guðrún að henni hafi verið boðið að vera heiðursgestur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar á Íslendingadeginum. „Það hefur skapast sú hefð að það er nánast alltaf einhver ráðherra heiðursgestur og ég ákvað strax að þiggja boðið af því mig hefur alveg langað að fara á Íslendingadaginn en ekki haft tækifæri til þess.“ Í kjölfarið ákvað Valdimar að fara með henni af því hann hafði lengi látið sig dreyma um það að sækja þessa hátíð.

Guðrún segir það einstaka upplifun að koma á þessar slóðir. „Það er sérstakt að koma og hitta afkomendur sem eru á tíræðisaldri í dag og tala íslensku nánast reiprennandi. Þá vantar kannski aðeins orðaforða, eru með svona fornan orðaforða og hafa kannski bara einu sinni komið til Íslands.“ Hún segir að það sé ofboðsleg þrá hjá fólki að missa ekki tengslin við Ísland og Íslendinga.



## Leið eins og drottningu í þjóðbúningi

Hápunktur hátíðarinnar er skrudganga sem Guðrún fékk að taka þátt í. „Það var alveg sérstakt að sitja í fremsta bíl og vera svona nánast eins og drottning í þjóðbúningi“, segir hún. Valdimar tekur fram að það hafi verið tekið mjög vel á móti heiðursgestinum frá Íslandi. Guðrún segir að þarna ríki mikil gestrisni sem minnir á Færeyinga. „Við Valdi höfum farið nokkrum sinnum til Færeyja og mér finnst óskaplega gaman í Færeyjum og ég fékk svona svipaða tilfinningu, Færeyingar eru mjög gestrisnir og Vestur-Íslendingar eru það líka.“

## Fjallkonan í hávegum höfð

Hátíðarhöld voru á Íslendingadeginum vegna 100 ára afmælis fjallkonunnar, en hún birtist í Vesturheimi langt áður en hún kom til Íslands. Það þykir mikil upphæfð að vera valin fjallkonan. Oftast er eldri dama kjörin og sérstök nefnd sem velur hana. Hún verður að hafa gefið af sér í samfélaginu og haft jákvæð áhrif. „Þetta eru oft svona fullorðnar konur og þær eru fjallkonur í heilt ár og hafa ýmsum skyldum að gegna,“ segir Guðrún.

## Fundu ættingja frá Marteinstungu

Valdimar hefur alltaf haft mikinn áhuga á ættfræði og lagðist hann í rannsóknarvinnu fyrir ferðina. „Ég fór að grafast fyrir um forfeður okkar og skyldmenn sem höfðu flutt út á sínum tíma. Svo þegar við vorum komin þarna og vorum í rútu segir fararstjórinn okkar hvaðan hann var. Hann sagði að hans ættir væru frá Marteinstungu. Þá kveiktum við aðeins smá á peru af því að Marteinstunga er í Holtunum þar sem mamma okkar er frá.“ Valdimar fór í ættfræðigrunninn og leitaði að tengslum og komst að því

að þessi maður væri fjórmenningur við mömmu þeirra. „Sem þykir mikill skyldleiki þarna úti. Hann heitir Peter Björnsson. Pabbi hans, Donald Björnsson, er ættaður frá Marteinstungu og mamma hans heitir Herdís Guðrún en hún er ættuð úr Skagafirði,“ segir Guðrún. Þótti allri fjölskyldunni þetta mjög merkilegt. Peter er fyrrum landbúnaðarráðherra í Manitoba í Kanada. „Hann var mjög upp með sér að ég væri líka ráðherra og sagði öllum að stjórn málin væru í ættinni,“ segir Guðrún og hlær.

## Fólk vill tengjast Íslandi

Guðrún segir að hún hafi fundið það mjög sterkt að fólk vilji tengjast Íslandi. „Það er mjög merkilegt að finna þennan íslenska hjartslátt og menninguna og annað í svona landi sem er svona langt í burtu. Til dæmis eins og fyrir aldamótin 1900 þá voru gefnar út fleiri bækur á Nýja Íslandi heldur en hér. Þeir gáfu út mörg dagblöð og það var mjög mikið menningarlíf og þau halda í menningararfinni.“ Valdimar segir að flestir Íslendingar hafi tekið með sér bækur þegar þeir fluttu. „Það hafa verið að finnast allt fram á þennan dag eldgömul handrit og bækur sem eru núna mikið varðveittar í háskólanum í Winnipeg.“

## Tengslin mega ekki rofna

Guðrún talar um mikilvægi þess að halda í tengslin við Vesturheim. Eftir því sem árin líða er meiri hættá á því að yngri fólk missi áhugann. Það er margt gert til þess að kveikja á honum. „Eitt er til dæmis Snorraverkefni þar sem fólk getur farið í skiptinám og verið í nokkrar vikur, þar sem kanadísk ungmenni geta verið hér og íslensk geta verið hjá þeim,“ segir Guðrún. Íslensk stjórnvöld gerðu samning við Kanada á síðasta ári þar sem Kanadamenni og Íslendingar undir þrítugu geta farið og dvalið í landinu í allt að tvö ár við vinnu eða eitthvað annað án þess að þurfa að fara í gegnum þungt leyfisferli.

## Jón Sigurðsson við hlið Viktoríu Bretadrottningar

Kanada er fylkjasamband eins og Bandaríkin, þar sem hvert fylki á sér þing. Á löðinni fyrir framan þinghúsið í Manitoba eru tvær stytur, önnur er af Viktoríu Bretadrottningu og hin af Jóni Sigurðssyni forseta. „Hann stendur þar í öndvegi, eftirlíking af stytta Jóns Sigurðssonar sem er á Austurvelli. Íslensk áhrif eru víða, og á mörgum húsum þegar þú ert að keyra sveitirnar þá er flaggað íslenskum fána,“ tekur Guðrún fram. Valdimar segir einnig að götur og bóndabærir beri flest íslensk nöfn. Einnig er mikill metnaður lagður í vinartertuna. „Það eru svona íslensku tengslin sem hafa skapað hana sem ættjarðarkökuna þeirra,“ segir Valdimar.

## Gestrisni og hjartahlýja áberandi

Guðrún segir að það sem sitji eftir eftir ferðina sé mikil gestrisni og hjartahlýja. Valdimar tekur fram að það hafi verið gaman að hitta fólk sem hefur svona mikinn áhuga á Íslandi. „Þarna hittum við fullt af fullorðnu fólki sem felldi tár og sögðu að þegar þau komu til Íslands í fyrsta sinn og stigu á íslenska jörð þá fundu þau í hjarta sínu að þau væru komin heim, fólk sem er fætt í Kanada,“ segir Guðrún.

Að lokum segir Guðrún að þau vilji hvetja sem flesta til að heimsækja þessar slóðir af því að enginn verði samur á eftir.







Umbúðir

Almenn  
prentun

Bækur



Límmiðar



Stimplar

Reykjavík 5 600 600  
Selfoss 4 821 944  
Akureyri 4 600 700sala@prentmetoddi.is  
selfoss@prentmetoddi.is  
akureyri@prentmetoddi.is  
prentmetoddi.is

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýst eftirfarandi lýsing skipulagstillögu:

### 1. Vesturbær - Þróunarreitir verslunar- þjónustu og íbúðabyggðar

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti 21.8.2024, skipulagslýsingu frá UNDRÁ og VSÓ ráðgjöf, fyrir Miðsvæði, M7 á Selfossi. Skipulagssvæðið 5,5ha, er hluti af stærra þróunarsvæði meðfram Eyravegi fyrir blandaða byggð íbúða og þjónustu. Heildarsvæðið gæti orðið um 11 ha að stærð. Í fyrsta áfanga (reitir A-F) eru áform um að leggja inn breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði sem afmarkast af Fossheiði að Lágheiði og Eyravegi að Gagnheiði innan miðsvæðis M7 og frá Fossheiði að Gagnheiði nr. 9 sunnan megin við Gagnheiði á íbúðasvæði ÍB20. Heildar svæði afmarkast af Eyravegi, Fossheiði, og austanverðu að Heimahaga og Úthaga, og til suðvesturs mót Fossvegi.

Á reitum A-J er áætlað að íbúðafjöldi geti orðið 1450-1850 íbúðir, auk 11.000m<sup>2</sup> undir verslunar- og þjónustu á jarðhæðum.

Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna athugasemda við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

### 2310372 - Norðurhólar 5 - Deiliskipulagsbreyting Verslunar- og þjónustulóðar - Leikskóla

Bókun Bæjarstjórnar 21.8.2024:

Tillaga frá 32. fundi skipulagsnefndar, frá 14. ágúst sl., liður 2. Uppfærð tillaga vegna deiliskipulagsbreytingar fyrir lóðirnar Norðurhólar 3 og 5 á ný eftir yfirferð Skipulagsstofnunar dags. 9.7.2024, þar sem athugasemdir eru gerðar við að birta auglýsingu um samþykkt breytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Gert er grein fyrir umhverfisáhrifum breytingarinnar sbr. gr. 5.4.1 í skipulagsreglugerð. Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga skal bæjarstjórn taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu. Fyrir liggur umhverfiskýrsla Arkís dags. 9.7.2024, þar sem gerð er grein fyrir og lagt mat á umhverfisáhrif deiliskipulags. Tekið hefur verið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar varðandi umhverfisáhrif breytingartillögu. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi auk umhverfiskýrslu, í samræmi 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og mælist til að bæjarstjórn Árborgar samþykki tillöguna, og feli skipulagsfulltrúa að senda skipulagsstofnun tillöguna ásamt umhverfiskýrslu til afgreiðslu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga og auglýsa niðurstöðu bæjarstjórnar Árborgar skv. 3. mgr. 41. gr. sömu laga.

Bragi Bjarnason, bæjarfulltrúi D-lista, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista tóku til máls.

Tekið hefur verið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar varðandi umhverfisáhrif breytingartillögu. Bæjarstjórn Árborgar samþykkir auglýsta tillögu að deiliskipulagi auk umhverfiskýrslu, í samræmi 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og felur skipulagsfulltrúa að senda skipulagsstofnun tillöguna ásamt umhverfiskýrslu til afgreiðslu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga og auglýsa niðurstöðu bæjarstjórnar skv. 3. mgr. 41. gr. sömu laga.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 10 atkvæðum. Fjóla St. Kristinsdóttir, bæjarfulltrúi D-lista situr hjá.

### Arnberg - Olís - Deiliskipulag lóðar L162959

Bókun Bæjarstjórnar 21.8.2024:

Tillaga frá 32. fundi skipulagsnefndar, frá 14. ágúst sl., liður 5. Tillaga deiliskipulags fyrir lóðina Arnberg á Selfossi að loknu kynningarferli/auglýsingu. Tillagan var í auglýsingu frá 19.6.2024 til 31.7.2024. Engar athugasemdir bárust. Umsagnir bárust frá Brunavörnum Árnassýslu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Í umsógn Heilbrigðiseftirlitsins er gerð athugasemd að ekki sé fjallað um fyrirkomulag fráveitu frá bílabvottastöð og mengunarvarnir ásamt ábendingu um varnir gegn olíumengun og frárennsli frá bílabvottastöðvum. Í umsógn Vegagerðar er gerð athugasemd á staðsetningu rafhleðslustöðvar með tilliti til skerðingar á vegsýn og umferðaröryggis. Skipulagsnefnd getur ekki fallist á ábendingar í umsógn Vegagerðarinnar. Megin innihald tillögunnar er að skipuleggja húsakost og byggingarheimildir vegna áforma um byggingu nýrrar bílabvottastöðvar. Skipulagsnefnd samþykkir auglýsta tillögu að deiliskipulagi, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og mælist til að bæjarstjórn Árborgar samþykki tillöguna, og feli skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga og auglýsa niðurstöðu bæjarstjórnar Árborgar skv. 3. mgr. 41. gr. sömu laga.

Bragi Bjarnason, bæjarfulltrúi D-lista, Fjóla St. Kristinsdóttir, bæjarfulltrúi D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista og Sigurjón Vídalín Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista, tóku til máls. Fundarhlé hefst kl. 16:25 Fundi fram haldið kl. 16:30 Bæjarstjórn Árborgar þakkar ábendinguna frá Vegagerðinni en telur ekki ástæðu til að bregðast við henni að sinni. Bæjarstjórn óskar eftir umræðum við Vegagerðina um bætt umferðaröryggi á umræddum vegkafla. Megin innihald tillögunnar er að skipuleggja húsakost og byggingarheimildir vegna áforma um byggingu nýrrar bílabvottastöðvar. Bæjarstjórn samþykkir auglýsta tillögu að deiliskipulagi, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga og auglýsa niðurstöðu bæjarstjórnar Árborgar skv. 3. mgr. 41. gr. sömu laga. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 10 atkvæðum. Fjóla St. Kristinsdóttir, bæjarfulltrúi D-lista, situr hjá

Ofangreind skipulagslýsing nr. 1, liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögunnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni [www.arborg.is](http://www.arborg.is) og á [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)

Skipulagslýsing nr. 1 er í kynningu frá 29. ágúst 2024, til og með 26. september 2024. Þeir aðilar sem hafa athugasemdir eða ábendingar hafa frest til og með 26. september 2024, til að skila inn til skipulagsfulltrúa ([runarg@arborg.is](mailto:runarg@arborg.is)), eða á [www.skipulag@arborg.is](http://www.skipulag@arborg.is).

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið [www.skipulag@arborg.is](http://www.skipulag@arborg.is)

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,  
Rúnar Guðmundsson  
skipulagsfulltrúi

## ÞJÓNUSTA



## Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND



## KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

## Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



## KIRKJA

## Selfoskirkja

## Skólatöskublessun!

Fjölskyldumessa sunnudaginn 1. september klukkan 11:00. Messan markar upphaf alls barna- og unglingsstarfs vetrarins. Yngri börn (t.d. 5-7 ára) eru sérstaklega hvött til að mæta með skólatöskuna sína til að fá skólatöskublessun í messunni! Barna- og unglingsakór kirkjunnar leiðir snginn og Edít A Molnár leikur á flygilinn. Ása Björk prestur og Sjöfn æskulýðsfulltrúi leiða stundina. Hlökkum mikið til að sjá ykkur!

Æskulýðs- og kórastarf hefst í kjölfar fjölskyldumessunnar, sjá heimasíðu kirkjunnar selfoskirkja.is.

## Bænastundir

Miðvikudaginn 4. hefst morgunbæn klukkan 10:00 í kirkjunni og kaffisopi á eftir.

Fimmtudaginn 5. er fyrsta Kyrndarþæn klukkan 12:00 - 12:20. Í vetur verður hún ýmist í kirkjunni eða á baðstofuloftinu.

## Hveragerðiskirkja

Kvöldguðsþjónusta kl. 20. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar. Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsókna leiðir safnaðarsöng, organisti Miklós Dalmay.

## FUNDIR



## Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15  
miðv. kl. 11 til 15  
föstud. kl. 11 til 14.  
sími 482 1022 / 788 0300

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

## Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

## AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opin fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

## Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

## AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

## CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efrí hæð, fimmtudaga kl. 20:30.



Hafðu samband  
og fáðu tilboð í  
auglýsingar í blaðið  
og á vefinn.

Sími 482 1944  
auglysingar@dfs.is

## HEILSA

Dáleiðsla  
Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót vandamála líkamlegra sem andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar m.a. til að sjá líðna atburði og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst þú í fyrra lífi?

Einkatimar, en einnig er hægt að bóka fyrir hópa í heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf, nudd og svæðanudd.

Bókanir á  
heilsulindheidars@simnet.is  
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch  
- Nudd  
- Heildræn með-  
höndlun



Jákvæðar  
hugsniir breyta  
deginum



Ragnhildur  
Sigurðardóttir  
Sími 693 2197  
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í íþróttfræðum,  
nálastungur, yoga,  
NLP-master/coach,  
heilsunuddari,  
Hugræn atferlismeðferð,  
meta medicine.

Þjáist þú af einhverju  
eftirfarandi:

Svefnvandamál • Fælni  
Fíkn • Krónískir verkir  
Fortíðar draugar • Áföll  
Svefnvandamál  
Kvíði • Þráhyggja

## Bæta andlega líðan

Bæta árangur í námi  
Hugræn endurforritun  
Dáleiðsla, heilun,  
samtalsmeðferð



Svandís Birkisdóttir  
svandisb@gmail.com  
Sími 835 8555

## ÞJÓNUSTA



Búðahellu 4X - 221 Hafnarfjörður  
vokvataeki.is - vt@vokvataeki.is  
Sími 8614401

OMR mótórar  
á lager

Vatnsdælar sem  
tengjast á PTO  
til á lager

Ungir leikmenn  
Hamars skrifa undir

Hamar hefur gert samning við fimm uppaldna heimamenn fyrir komandi tímabil í körfuboltanum.

Samningar voru gerðir við Birki Mána Daðason, Arnar Dag Daðason, Kristófer Kató Kristófersson og Egil Þór Friðriksson. Lúkas Aron Stefánsson hafði síðan skrifað undir fyrr í sumar. Allt eru þetta uppaldnir strákar úr yngri flokka starfi Hamars.

Birkir Máni kom aftur í Hamar á seinasta ári eftir að hafa spilað með yngri flokkum ÍR í nokkur tímabil. Birkir kom virkilega flottur inn í sína fyrstu úrvalsdeildarleiki og óhræddur við að stíga sín fyrstu skref á stóra sviðinu. „Hlökkum við mikið til að sjá hann taka tímabil tvö í frystikistunni,“ segir í tilkynningu frá Hamarsmönnum.

Arnar Dagur kemur aftur í Hamar eftir að hafa tekið eitt tímabil hjá Hrunamönnum í 1. deild í fyrra. Arnar spilaði sína fyrstu meistaraflökksleiki fyrir Hamar árið 2018 og er að fara á sitt fimmta tímabil með þeim. „Það verður ánægjulegt að sjá Arnar Dag aftur í Hamarsbúningnum,“ segir í tilkynningu frá Hamri.

Kristófer Kató er einnig að hefja sitt annað tímabil í meistaraflökki Hamars eftir að hafa farið í stuttan tíma í eldri flokka

ÍR. Kató eins og hann er oftast kallaður er frábær skytta og duglegur frákastari.

Egill Þór er yngstur af þessum strákum en hann er fæddur árið 2007. Þrátt fyrir það er hann að fara á sitt þriðja ár í meistaraflökki Hamars og hefur hann tekið eftirtektarverðum bætingum á síðustu árum. Styrkur og vilji er það sem einkennir Egil og verður gaman að sjá hann á gólfinu í vetur.

Lúkas Aron var kynntur til leiks fyrr í sumar en hann kemur aftur í Hamar eftir eitt ár í meistaraflökki ÍR.

Fyrsti æfingaleikur verður 5. september þar sem allir þessir heimastrákar verða á gólfinu.

Hamar körfubolti



Halldór Karlþórsson, hjálfi Hamars, og Lúkas Aron Stefánsson. Mynd: Hamar körfubolti.

Guðmundur spilar með  
meistaraflökki í vetur

Guðmundur Steindórsson hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Umf. Selfoss um tvö ár.

Guðmundur er vinstri skytta og öflugur varnarjafli sem var hluti af stórskemmtilegu U-liði Selýssinga í vetur. Á lokahófi 3. flokks og Akademiunnar var hann valinn varnarmaður ársins í 3. flokk ásamt því að útskrifast úr Handknattleiksskólunni Sel-foss.

Það er ljóst að við munum fá að sjá þennan spennandi leikmann stíga sín fyrstu skref með meistaraflökki í vetur.





# VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!



Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- **Reynslumikil á sínu sviði**
- **Gæða þjónusta**
- **Áreiðanleiki**
- **Græn þjónusta**



📍 Lyngháls 1, 110 Rvk 📞 5 600 600  
Eyravegi 25, 800 Selfoss 📞 482 1944  
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 📞 4 600 700  
🌐 prentmetoddi.is



## 30 ár frá fyrstu Töðugjöldum

Töðugjöld fóru fram í Rangárþingi ytra 11.–18. ágúst sl. Í ár voru 30 ár frá fyrstu hátíðinni og nóg um að vera fyrir fólk á öllum aldri. Menningarviðburðir voru haldnir alla vikuna og náði hátíðin svo hámarki með hefðbundnum hátíðardegi 17. ágúst.

Dagskráin var að miklu leyti svipuð og undanfarin ár en nokkrar nýjungar skutu þó upp kollinn. Birta Sólveig Söring Þórisdóttir sýndi leikverk þrjú kvöld í byrjun vikunnar. Hellarnir við Hellu buðu heim á miðvikudeginum, BMX brós heimsóttu okkur á fimmtudeginum og þá um kvöldið héldu Raddir úr Rangárþingi frábæra

rokkónleika fyrir fullu íþróttahúsi. Töðugjaldahlaupið var haldið á föstudeginum við mjög góðar undirtektir og þorpararöltið vinsæla var svo á föstudagskvöldinu, en þá bjóða íbúar heim í veitingar og skemmtun. Mikil stemning var í ár og mjög góð þátttaka.

Laugardagurinn var afar líflægur með fjölbreytta dagskrá og afþreyingu. Má þar nefna bílasýningu, hoppukastala, klifurvegg, loftbolta, matarvagna, markaði, listasmíðju, ýmsar keppnir, leiksýningu, töfrabrogð frá Ingó Geirdal, tónlistaratriði frá VÆB og margt fleira. Um kvöldið var kvöldvaka með frábærum tónlistaratriðum.

Þar komu m.a. fram Raddir úr Rangárþingi, skólahljómsveitin, Fríða Hansen og Kristinn Ingi, Emmsjé Gauti og FLOTT. Að venju endaði kvöldið á stórkostlegri flugeldasýningu Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu.

Leikhópurinn Lotta heimsótti okkur á sunnudeginum og Hólmfríður Samúelsdóttir, ásamt fríðu föruneyti, sló botninn í dagskrá Töðugjalda með tónleikunum Hjartans mál.

Allt fór þetta vel fram og veðrið lék við okkur. Sveitarfélagið vill koma á framfæri innilegu þakklæti til íbúa og gesta og til allra styrktaraðilanna sem hjálpuðu okkur að gera hátíðina að veruleika.



## Selja kort til að efla tækjakost Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Tuttugu og fimm sem eru innan Sambands sunnlenskra kvenna sameinast um fjáröflun í Sjúkrahússjóð SSK. Sambandið hefur í áratugi safnað peningum í sjóðinn með sölu á kortum, fyrst voru það jólakort en svo tóku tækifæriskortin við sem og englar sem seldir voru í nokkur ár.

Að þessu sinni er það pakki með fjórum tækifæriskortum sem er boðinn til sölu á 2.500 kr. Listakonurnar sem leggja okkur lið að þessu sinni eru þær Ingunn Jensdóttir, Ellisif Malmo Bjarnadóttir, Gréta Gísladóttir og Katrín J. Óskarsdóttir. Myndirnar eru allar einstaklega fallegar og henta við hvaða tækifæri sem er, sjón er sögu ríkari.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands



lands nýtur góðs af þessari fjáröflun. Árið 2023 voru gefnar gjafir frá SSK til HSU að verðmæti 2.232.747 kr.

Ykkur sem kaupði kortin færum við bestu þakkir. Kortin fást á HSU á Selfossi, Hellu, Hvolsvelli, Þorlákshöfn og Laugarási. Einnig er hægt að fá kortin hjá stjórn SSK, þeim Jóhönnu Lilju ritara, Sólveigu formanni, Andreu gjaldkera og Jóhönnu Maríu sem er í fjáröflunarnefnd SSK. Hægt er að hafa samband á netföngin johannaalilja09@gmail.com, ssk@kvenfelag.is, andrearafnar@gmail.com og johannamaria2810@gmail.com, einnig má hringja í Sólveigu formann í síma 869 6534.

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**PÚLSINN**  
Raf & kæliþjónusta  
Kæli & Frystikerfi  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn  
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

**LAGNIR**  
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR  
Eyjolfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS  
Lagnamyndun  
Rótarhreinsun  
Stíflulosun  
Lagnaföðrun  
Sími 510 1180  
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

BRACN AF VINÁTTU!  
**Josera**  
Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi

**ÖKULAND**  
Endurmenntun  
atvinnubilstjóra  
Akstursþjálfun  
okuland.is

**VÉLSMÍÐJA**  
**SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980  
Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmiði  
Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bíluðuskipti  
**Bilverk BA**  
Þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**Pípulagnir Júlla**  
Persónuleg þjónusta  
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir  
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

**Lagnabjónustan ehf**  
Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**NÝTT**  
Vinnuvélanámskeið  
á netinu!  
www.vinnuvelaskolin.is